

# Fundur í fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar

1. febrúar 2016 kl. 20:30. Haldinn á Kirkjubæjarstofu.

Mætt voru: Eyþór Valdimarsson, Valmundur Guðmundsson og Fanney Ólöf Lárusdóttir sem ritaði fundargerð. Kl. 21 mættu fjallkóngarnir Sigurjón Fannar Ragnarsson og Sverrir Gíslason á fundinn.


## Uppgjör fjallskila 2015

Rætt um smalamennskur haustsins á Landbrots- og Miðafrétti og hvernig til tókst. Hátt í 20 kindur hafa náðst á afréttunum eftir lögbundin söfn og er það mat fjallskilanefndar óásaettanlegt. Málin rædd töluvert með fjallkóngum með það að markmiði hvernig betur megi til takast næsta haust. Ákveðið að næsta haust verði 12 smalar á Landbrotsafrétti fyrir innan Hellisá og fjallkóngur sjái síðan um að fá aukamenn síðasta daginn en það er langerfiðasti smaladagurinn. Náist ekki að manna seinni söfn, sér í lagi innan við Hellisá, verði stefnt að því að smala fyrst annan afréttinn og hinn afréttinn næsta dag. Með því móti náist væntanlega góð mönnun á báða afrétti. Einnig rætt um að ljúka við að koma afréttisgirðingum í lag fyrri part sumars og þá sérstaklega Holts-, Skálar- og Árgirðingar. Ákveðið að álagning sem gengur ekki til smala vegna haust 2015 verði notað til að greiða trússurum fyrir akstur og afgangi verði deilt niður á smala haustsins.

## Önnur mál

- Formaður upplýsti að sótt hefði verið um aukaframlag úr Landbótasjóði umfram það sem gert er ráð fyrir í landbótaáætlun. Landbótaáætlunin hefur enn ekki verið staðfest af Matvælastofnun þó Landgræðslan hafi samþykkt hana fyrir sitt leyti.
- Sverrir óskaði eftir að setja upp lítið birgi á Kringlum innan við Hellisá vegna smalamennsku í seinni söfnum. Nauðsynlegt að geta komið fé í aðhald fyrir innan Hellisá.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:20.

  
Fanney Ólöf Lárusdóttir